

Fimmtudaginn 14. desember 1989.

Nr. 223/1988. **Leó E. Löve**

(sjálfur)

gegn

Kristjáni Ingimundarsyni

(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1988. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta höfðaði stefndi á hendur áfrýjanda sem víxilmál, en í stefnu sagði þó, að hin um stefnda skuld væri „skv. fram lögðum reikningi og afriti áskorunarstefnu“. Víxill var ekki lagður fram í málinu, en við munnlegan málflutning í héraði lagði stefndi fram staðfest afrit víxils og kvaðst hafa fengið hann léðan hjá bæjarþingi Hafnarfjarðar. Málatilbúnaður stefnda var þannig óskilríkur, og verður að telja, að á grundvelli hans hafi ekki verið skilyrði til að reka málið sem víxilmál samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Héraðsdómari dæmdi málið hins vegar sem víxilmál, og þykir því sjálfkrafa verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 14. október 1987.

Stefnandi er Kristján Ingimundarson, nnr. 5863-1221, Víðihvammi 3, Kópavogi.

Stefndi er Leó E. Löve, nnr. 6076-8013, Laufásvegi 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 40.415,00 krónur auk 3% dráttarvaxta á mánuði af 40.415,00 krónum frá 17. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, 3,4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. september 1987 og 3,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júlí 1988, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. reikningi og afriti áskorunarstefnu. Hafi Árni Gunnlaugsson hrl. f.h. Sigurjóns Þorsteinssonar stefnt Blikksmiðju Selfoss, Sveini Guðmundssyni, Leó Löve, Blikkveri hf. og Kristjáni Ingimundarsyni vegna ógreidds vixils. Vixilfjárhæðin var 200.000,00 krónur. Hann var samþykktur af Blikksmiðju Selfoss til greiðslu 15. janúar 1987 í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Útgefandi var stefndi, Leó E. Löve, og var vixillinn út gefinn 1. október 1986. Ábekingar á vixli þessum voru stefnandi, Kristján Ingimundarson, og Blikkver hf.

Með áritun dómara 3. mars 1987 voru stefnukröfur í fyrrgreindu vixilmáli gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu í því máli, öðrum en stefnda, Leó Löve, eins og segir í áritun dómara.

Stefnandi, Kristján Ingimundarson, innleysti kröfurnar frá Árna Gunnlaugssyni hrl. 17. júlí 1987 með því að greiða 270.415,00 krónur, og sundurliðast krafan þannig: stofnskuld 200.000,00 krónur, dráttarvextir til 15. júlí 1987 27.000,00 krónur, málskostnaður 27.100,00 krónur, fjárnám 2.620,00 krónur, fjárnámsgjöld 3.610,00 krónur, þinglestur og stimpilgjald fjárnámssgerðar 3.015,00 krónur, uppboðsbeiðni 1.310,00 krónur, mót við fyrirtekt í uppboðsrétti 1.310,00 krónur, uppboðskostnaður til fógeta 2.840,00 krónur og afturköllun uppboðs 1.610,00 krónur.

Stefndi greiddi stefnanda 230.000,00 krónur inn á skuldina 16. júlí 1987, og kveður stefnandi eftirstöðvar skuldar stefnda við sig nema 40.415,00 krónum, sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Stefnandi kveður málsókn þessa nauðsynlega, þar eð innheimtutilraunir hafi ekki borið neinn árangur.

Stefndi kveðst hafa gefið nefndan víxil út, en hann hafi ekki verið vistaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar, heldur Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi beri sem útgefandi víxilsins ábyrgð á greiðslu alls kostnaðar, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna innheimtu hans, og skírskotað til 49. gr. víxillaga, nr. 93/1933, í því sambandi.

Ekki skipti máli, þótt vera kunni, að víxillinn hafi verið vistaður annars staðar en í Landsbanka Íslands, eftir að stefndi gaf hann út, sbr. 3. mgr. 2. gr. víxillaga.

Þá hafi stefnda verið opin sú leið að greiða víxilinn með geymslugreiðslu, sbr. 42. gr. víxillaga.

Stefndi heldur því fram, að þar eð fallið hafi verið frá kröfum á hendur sér í máli því, er höfðað var á hendur sér og fleirum til innheimtu skuldar skv. víxlinum, sé reikningur sá, sem hér er krafið um greiðslu á, sér óviðkomandi. Ekkert samband sé á milli stefnda og kröfugerðar í máli þessu, og beri því að sýkna sig af öllum kröfum stefnanda.

Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi fengið kröfu skv. víxlinum framselda.

Því er mótmælt, að mál þetta sé rekið sem víxilmál, enda hafi víxill sá, er stefndi gaf út, ekki verið lagður fram fyrr en í þinghaldi 3. maí, er málið var flutt, og þá gegn mótmælum stefnda, sem telur það allt of seint fram komið að reka málið sem víxilmál, þar sem nægur tími hefði verið til að leggja fram víxilinn fyrr. Reyndar sé víxillinn ekki lagður fram í frumriti, heldur einungis ljósrít hans.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa sú, er gerð er í máli þessu, er um endurgreiðslu kostnaðar vegna innheimtu á kröfu, sem gerð var aðfararhæf á hendur stefnanda o.fl. með áritun á áskorunarstefnu. Felur hún í sér kostnað vegna fjárnámsgerðar og uppboðsaðgerða gagnvart stefnanda. Krafan varð til vegna víxils, er stefndi gaf út. Honum var stefnt í fyrrnefndu áskorunarmáli, og fram kemur í þessu máli, að stefnda var sú málsókn kunn, enda ritaði hann á stefnuna, að hún væri sér nægjanlega birt, en sótti ekki þing við þingfestingu málsins.

Þá kemur fram í málinu, að stefndi greiddi stefnanda víxilfjárhæðina, 200.000,00 krónur, og 30.000,00 krónur að auki, sem þá voru rúmlega sú fjárhæð, sem fallin var í dráttarvöxtum. Greiðsla þessi var innt af hendi 16. júlí 1987, en af gögnum málsins má ráða, að kostnaður sá, er stefnandi krefur stefnda um greiðslu á, var þá til fallinn.

Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að mál þetta verði ekki rekið sem víxilmál, sbr. a-lið 1. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir að stefnandi hafði leyst til sín kröfu skv. aðfararhæfri áritun á áskorunarstefnu, var honum rétt að snúa sér að einhverjum þeirra víxil-skuldara, sem ábyrgð báru gagnvart honum, sbr. 49. gr. laga nr. 93/1933, og telur dómurinn, að skv. því ákvæði beri stefndi ábyrgð á þeim kostnaði, sem stefnandi bar af innheimtuaðgerðum, með því að stefndi er fyrir framan hann á vixlinum.

Ber því samkvæmt framansögðu að dæma stefnda til greiðslu krafna stefnanda í máli þessu.

Málkostnaður ákveðst 25.000,00 krónur, þar með talinn söluskattur. Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Leó E. Löve, greiði stefnanda, Kristjáni Ingimundarsyni, 40.415,00 krónur auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 17. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, 3,4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 14. október 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 25.000,00 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Á fallnir vextir skulu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júlí 1988.